

Alþingi
Erindi nr. P 135/135
komudagur 12.11.2007



Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 7. nóvember 2007


Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um tekjuskatt.


Örkyrjabandalagi Íslands hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum um tekjuskatt, nr. 90/2003.

Með frumvarpinu er lagt til að tekinn verði upp sérstakur persónuafsláttur sem komi til viðbótar núverandi persónuafslætti í því skyni að bæta hag lágtekjufólks. Í greinargerð með frumvarpinu segir að tekjur manns að 150.000 krónum á mánuði verði skattfrjálsar, en skattleysismörk nú séu rétt tæplega 90. þúsund krónur á mánuði og að skattar muni lækka hjá þeim sem hafi tekjur frá 150.000 krónum til 250.000 krónum á mánuði, en við þau tekjumörk falli sérstakur persónuafsláttur niður.

ÖBÍ hefur kynnt áherslur sínar vegna fjárlagagerðar og kjarasamninga á almennum vinnumarkaði. Bandalagið leggur áherslu á að skattleysismörk verði hækkuð upp í 140.000 krónur á mánuði eða sem svarar tæplega þeirri fjárhæð sem þau námu við upptöku staðgreiðslukerfis skatta að teknu tilliti til þróunar launavísitölu. Þetta er sú leið sem heildarsamtök fatlaðra á Íslandi telja rétt að fara. Um leið fögnum við þeim áherslum sem fram koma í greinargerð með frumvarpinu og álítum að sú hugmyndafræði sem að baki því liggur þarfnist frekari umræðu.

Virðingarfyllst,
f.h. ÖBÍ


Sigursteinn R. Músson
formaður


Hafþís Gísladóttir
framkvæmdastjóri